

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í þéttbýli Borgarbyggðar.

1. gr.

Hunda- og kattaeygndur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í 1. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Borgarbyggð, skulu greiða leyfisgjald skv. staflið b í 2. gr. og staflið b í 6. gr. samþykktar um hunda- og kattahald nr. 107/2008.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund sbr. staflið b í 2. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 11.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött sbr. staflið b í 6. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 4.400 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. maí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

3. gr.

Eigandi hunds sem er skráður hjá Borgarbyggð fær 50% afslátt af hundagjaldi eftir að hafa lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi sem viðurkennt er af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

4. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda samkvæmt 4. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 7.150 fyrir 1. skipti, kr. 9.350 fyrir 2. skipti og kr. 13.200 fyrir 3. skipti. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera 50% lægra.

Handsömunargjald fyrir óskráða ketti samkvæmt 8. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 3.300 fyrir 1. skipti, kr. 4.400 fyrir 2. skipti og kr. 5.500 fyrir 3. skipti.

Óskráðir hundar og kettir skulu ekki afhentir eiganda sínum fyrr en að lokinni skáningu.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflífunarkostnað.

5. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt framangreinda gjaldskrá sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast hún þegar gildi.

Borgarnesi, 28. janúar 2009.

Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri.